



3. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 2. ágúst 2006, kl. 12:00

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð fræðslunefndar frá 10. júlí sl.
2. Fundargerð menningar- og februnarnefndar frá 24. júlí sl.
3. Umsóknir um byggðakvóta.
4. Erindi frá eigendum Brimslóðar 10a, 10b og 10c.
5. Erindi frá íbúum við Hólabraut 11.
6. Ágóðahlutagreiðsla Eignarhaldsfélags BÍ, 2006.
7. Boðsbréf frá Hólum í Hjaltadal.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fundargerð fræðslunefndar frá 10. júlí sl.**
Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Vísað er til fundargerðar bæjarstjórnar dags. 11. júlí sl. Fundargerðin samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.
2. **Fundargerð menningar- og februnarnefndar frá 24. júlí sl.**
Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.
3. **Umsóknir um byggðakvóta.**
Tvær umsóknir bárust vegna úthlutunar 20 tonna.

- Skarfaklettur ehf. sem gerir út Arney HU-36 ssk 2102. Samningur við fiskvinnslu Norðlendings fylgir.

- Hjallanes ehf. sem gerir út Óla Hall HU14.

Bæjarráð gerir tillögu til sjávarútvegsráðuneytisins að 20 tonna byggðakvóta verði úthlutað til Arneyjar HU-36.
4. **Erindi frá eigendum Brimslóðar 10a, 10b og 10c.**
Þess er farið á leit að fasteignir þessar verði skilgreindar í fasteignamati sem íbúðarhúsnæði en skv. núverandi skipulagi er um atvinnuhúsnæði að ræða.

Bæjarráð samþykkir erindið enda er ekki lengur um atvinnustarfsemi að ræða í fasteignunum.
5. **Erindi frá íbúum við Hólabraut 11.**
Bent er á slæmt ástands á rennsli kalda vatns í hverfinu og farið er fram á úrbætur. Bæjarráð felur tæknideild að gera úttekt á kaldavatnslögnum á umræddu svæði.
6. **Ágóðahlutagreiðsla Eignarhaldsfélags BÍ, 2006.**
Samkvæmt hlutdeild sveitarfélagsins er ágóðahlutur Blönduóssbæjar kr. 4.540.500,- Lagt fram til kynningar.



7. Boðsbréf frá Hólum í Hjaltadal.

Á þessu ári eru 900 ár liðin frá stofnun biskupsstóls og skóla á Hólum og er sveitarstjórnarmönnum boðið til vandaðrar dagskrá dagana 11.-13. ágúst. Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)*

*Fundi slitið kl. 13:20 .
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmansson (sign.)*